


Nokkrar lykilstaðreyndir úr OECD skýrslu um menntamál

OECD gefur árlega út skýrslu, *Education at a Glance 2010*, um stöðu og þróun menntamála meðal 33 landa sem eiga aðild að samtökunum. Hér er teknar saman nokkrar lykilstaðreyndir um leik- og grunnskólastigið úr skýrslunni sem sína stöðu Íslands í samanburði við önnur lönd. Myndirnar sýna kostnað við þessi skólastig og nokkra þætti sem kunna að hafa áhrif á kostnað.


Kostnaður við skólakerfið, leik- og grunnskóli

Einn af þeim mælikvörðum sem OECD notar er að skoða heildarkostnað sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, sem á að gefa til kynna hversu stóran hluta þjóðarauðs er varið til menntamála.

Heildarkostnaður við leiksskólastigið á Íslandi árið 2007 var 0,9% af landsframleiðslu. Það var 103% hærra en meðaltal OECD. Meðtalinn er kostnaður ríkis, sveitarfélaga og heimila.




Heildarkostnaður við grunnskólastigið á Íslandi var 3.7% af vergri landsframleiðslu sem var 54% hærra en meðaltal OECD landa.




Kostnaður á hvern nemanda, leik- og grunnskóli

Þar sem fjöldi nemenda (eða hlutfall barna af heildarmannfjölda) getur verið mismunandi eftir löndum þá deilir OECD kostnaði niður á hvern ársnemanda. Til að gera kostnað samanburðarhæfan eru krónutölur umreiknaðar yfir í dollara að teknu tilliti til ólíks kaupmáttar í hverju landi (samkv. kaupgetuvísitölu, PPP). Miðað er við heilsdagsnemanda, og útgjalda til skóla, ekki annan kostnað sem flokkaður er undir fræðslumál.

Kostnaður árið 2007 við hvern grunnskólanemanda á grunn- og miðstigi (ISCED 1) var USD 9.629, en meðaltal OECD var USD 6.741. Kostnaðurinn á Íslandi var 43% hærri en meðaltalið.



Kostnaður á hvert leikskólabarn þriggja ára og eldra árið 2007 var USD 8.884 á Íslandi en USD 5.449 að meðaltali innan OECD. Kostnaðurinn var 63% hærri á Íslandi.





Þróun kostnaðar

Frá 2000 til 2007 hækkaði kostnaður við lægri stig skólakerfisins (leik-, grunn og framhaldsskólastig) um 45%, á sama tíma og nemendum fjölgaði um 7%. Hækkunin nam 36% á hvern nemanda. Á sama tíma þá lækkaði kostnaður við hvern nemanda í háskólakerfinu um 2%.


Fjöldi nemenda á hvern kennara

Einn helsti kostnaðarliðurinn er launakostnaður. OECD skoðar ýmsa þætti sem gætu haft áhrif á kostnað í skólakerfinu, eins og fjölda nemenda á hvern kennara, stærð bekkja, starfstíma kennara og kennslutíma.

Samkvæmt alþjóðlegri flokkun þá er leikskólastigið skilgreint frá þriggja ára aldri. Á Íslandi voru 7,2 leikskólabörn á hvern leikskólakennara, en meðaltalið er 14,4 börn innan OECD. Myndirnar tvær sýna annars vegar fjölda leikskólabarna á hvern kennara og hins vegar á hvern starfsmann við kennslu.



Á Íslandi er 10 grunnskólabörn á hvern kennara og er það lægsta hlutfallið innan OECD, næst kemur Danmörk með 10,1. Meðaltal OECD er 16,4 nemendur. Ísland hefur lengi verið mjög lágt á þessum mælikvarða.



Árið 2000 voru 12,7 nemendur á hvern kennara á Íslandi.


Frá 2000 til 2009 þá fjölgaði stöðugildum starfsfólks við kennslu í grunnskólum um 1.008, sem er hlutfallsleg fjölgun um 26%. Á sama tímabili fækkaði grunnskólabörnum um 715 eða um 1.7%

Grunnskólakennurum og leiðbeinendum fjölgaði um 226 sem er 19% af heildarfjölgun. Kennarar voru 55% af heildarfjölda starfsfólks árið 2008.

Deildarstjórum, sérkennurum og stuðningsfulltrúum fjölgaði um 850 sem var 71% af heildarfjölgun. Þessi starfsheiti voru 16% af heildarfjölda starfsfólks árið 2008.


Fjöldi í bekk

Fjöldi nemenda í hverjum bekk að meðaltali hefur haldist nokkuð stöðugur í kringum 17 til 18. Árið 2008 voru 18 í bekk en árið 2000 voru þeir 17. Meðaltal OECD er 21,7.




Vinnutími kennara og kennslutími nemenda í grunnskóla


Eftirfarandi mynd úr OECD skýrslunni sýnir heildartíma (klukkustundir, ekki kennslustundir) sem nemendur fá í kennslu í skólastofu frá 7 til 14 ára aldurs. Ísland er um miðja töfluna með mjög svipaðan heildartíma og Danmörk. Athygli vekur að Finnland er með einna stysta heildartímann.



Næsta mynd sýnir síðan þann tíma (klukkutíma) sem kennurum í fullu starfi er ætlað að kenna á einu skólaári. Á Íslandi eru það 671 tími, en meðaltal OECD er 768 tímar.




Næsta mynd sýnir síðan hversu stórum hluta af heildarvinnutímanum kennarar eyða í kennslustofunni við kennslu. Á Íslandi er hlutfallið 37,3% en meðaltal OECD er 47,4%.




Lengd skólaárs

Lengd skólaársins í vikum talið er styttra hér á landi, 36 vikur, en algengt er að skólaárið sé 38 vikur eða meira.




Laun kennara

OECD hefur reynt að gera samanburð á launum kennara milli landa. Margir þættir hafa áhrif á laun, t.d. menntun og starfsreynsla. Það getur líka verið munur á lögbundnum eða umsömdum launagreiðslum og heildarlaunagreiðslum. Flest lönd miða við lögbundin/umsamin laun. OECD reynir líka að taka menntun og starfsreynslu með í reikninginn. Laun eru reiknuð á svipaðan hátt og annar kostnaður í dollurum (m.t.t. PPP).



Samkvæmt OECD þá eru byrjunarlaun grunnskólakennara með tilskilda menntun á Íslandi (umreiknuð í dollara til samanburðar) árið 2007 USD 24.266 en að meðaltali USD 28.945 innan OECD. Byrjunarlaunin voru 84% af meðallaunum.



Laun grunnskólakennara með kennaramenntun og 15 ára starfsreynslu á Íslandi árið 2007 voru USD 27.226 en USD 39.421 að meðaltali innan OECD. Launin voru 69% af meðallaunum kennara innan OECD.

Samantekt og ályktanir

- Kostnaður við leik- og grunnskólastigið sem hlutfall af landsframleiðslu er hvergi hærri en á Íslandi. Þegar kostnaðinum er deilt niður á nemendur þá er hann sömuleiðis með því mesta sem þekkist.
- Á Íslandi eru hvergi færri nemendur á hvern kennara og bekkir eru heldur fámennari í samanburði.
- Hlutfall kennslutíma af heildarvinnutíma kennara er lágt á Íslandi miðað við önnur lönd.
- Þrátt fyrir að heildarkostnaður sé hár þá eru laun kennara lág í samanburði við önnur lönd.
- Að einhverju leyti er skýringin á háum kostnaði og lágum launum sá að það þarf fleiri kennara til að kenna færri nemendum og hver kennari kennir í styttri tíma.
- Aðrir þættir eins og smæð skóla og hlutfall barna af heildarmannfjölda kunna einnig að hafa áhrif á heildarkostnað. Einnig má hafa í huga að hlutfall landsmanna yngri en 15 ára er með því hæsta hér á landi miðað við OECD lönd.

Heimildir:

- OECD, *Education at a Glance 2010*.
- Hagstofa Íslands, upplýsingar á vef.
- Öll töluleg gögn (excel töflur) úr EAG 2010 er að finna á eftirfarandi slóð:
www.oecd.org/edu/eag2010
- *Highlights from Education at a Glance 2010*, úrdráttur í vefútgáfu er að finna á slóðinni:
http://www.oecd-ilibrary.org/education/highlights-from-education-at-a-glance-2010_eag_highlights-2010-en